Söngskólinn í Reykjavík 10 ára:

Haldið upp á afmælið með fjölbreyttum óperutónleikum

KLUKKAN þrjú á morgun, sunnudaginn 30. janúar, stendur Söngskólinn í Reykjavík fyrir óperutónleikum í Gamla bíói. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni 10 ára afmælis söngskólans, en auk þess mun skólinn halda upp á afmæli sitt með ljóðatónleikum í apríl og standa fyrir flutningi á Requium eftir Verdi í júní.

Söngskólinn í Reykjavík var stofnsettur að hausti til árið 1973. Það var Garðar Cortes, skólastjóri Söngskólans sem stofnaði skólann og rak hann til að byrja með í leiguhúsnæði að Laufásvegi 8. Árið 1978 var ráðist í húsakaup að Hverfisgötu 45, þar sem skólinn er nú til húsa, og var þá stofnað styrktarfélag sem síðan hefur rekið skólann sem sjálfseignarstofnun.

Á þeim 10 árum sem skólinn hefur starfað hafa 29 lokið VIII. stigi, sem er lokapróf úr almennri deild, skólinn hefur útskrifað 2 einsöngvara og 6 einsöngskennara. Við Söngskólann í Reykjavík starfa nú yfir 20 kennarar, en nemendur í vetur eru 120.

Á tónleikunum á morgun koma fram 11 einsöngvarar úr Söngskólanum, ýmist í námi eða útskrifaðir, ásamt kór skólans og félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stjórnandi er Marck Tardue, sem hér er staddur á vegum Íslensku óperunnar og stjórnar sýningum á Töfraflautunni um þessar mundir.

Blaðamaður og ljósmyndari Morgunblaðsins litu inn á æfingu hjá einsöngvurunum í Gamla bíó á fimmtudaginn, stilltu söngfólkinu upp við vegg, baunuðu spurningum í allar áttir og smelltu af myndum.

Meðal einsöngvaranna eru hjónaleysin Elín Ósk Óskarsdóttir og Kjartan Ólafsson. Þau eru við nám í Söngskólanum, Elín er á sínum fjórða vetri, en Kjartan hefur verið viðloðandi skólann í 8 ár. Bæði eru þau utan af landi, Elín er frá Hvolsvelli, en Kjartan er Fáskrúðsfirðingur. „En við höfum komið okkur fyrir í höfuðborginni núna", sögðu þau, „enda þýðir lítið að vera við nám í Reykjavík og búa úti á landi".



Söngæfing í Gamla bíói undir stjórn Marck Tardue. Frá vinstri: Eiríkur Hreinn Helgason, Árni Sighvatsson, Guðmundur Þ. Gíslason, Kjartan Ólafsson, Sigrún Andrésdóttir, Elísabet Eiríksdóttir, Kristín Sigtryggsdóttir, Elín Ósk Óskarsdóttir, Katrín Sigurðardóttir og Ásrún Davíðsdóttir. Á myndina vantar einn einsöngvarann, Hrönn Haflíðadóttur. Morgunblaðið/KÖE

Það þarf ekki að efast um að mikið er sungið og spilað á heimilinu því. Elín er 21 árs gömul og hún segist hafa byrjað að syngja „óeðlilega" mikið strax í barnæsku.

Söngurinn er mitt líf og yndi

„Já, ég fór snemma að gefa frá mér hljóð og gaf heimilisfólkinu engin grið. Og 12 ára gömul er ég farin að syngja í kórum af fullum krafti. Söngurinn hefur alla tíð verið mitt líf og yndi og ég var alltaf harðákveðin í því að verða söngkona. Fyrir fjórum árum byrjaði ég svo í Söngskólanum hjá Þuríði Pálsdóttur og stefni að því að ljúka 8. stigi í vor. Hvað tekur við eftir að því er lokið er ekki alveg ljóst. Annað hvort held ég áfram í Söngskólanum og fer í kennaradeildina, eða fer til útlanda í frekara söngnám.

Ég hlakka reglulega til tónleikanna á sunnudaginn, og er alveg laus við það að vera kvíðin þótt ég hafi svo sem ekki mikla reynslu af því að syngja á sviði. En mér finnst svo gaman að syngja að ég hreinlega má ekki vera að því að vera taugaóstyrk."

Tvær markverðar listsýningar

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Slæm veðrátta hefur gert það að verkum að frekar dræm aðsókn hefur verið að listsýningum almennt. Vil ég því sérstaklega minna á tvær merkar sýningar er renna sitt skeið nú um helgina og eru það **„Norræna vefjarlistarsýningin"** á Kjarvalsstöðum og sýningin **„Við erum á leiðinni"** í Norræna húsinu. Síðasttalda sýningin var sett upp á ný eftir að tveir ungir Norðmenn höfðu óvænt tekið niður sýningu sína á 100 ljósmyndum. Um báðar þessar sýningar hefur verið fjallað hér í blaðinu og er það ekki meiningin að skrifa hér langt mál um þær heldur þykir mér brýnt að vekja athygli á tilvist þeirra með stuttri rispu.


Á sýningunni á Kjarvalsstöðum sem er í öllu húsinu eru 86 verk en þetta er í þriðja skiptið sem þær vefjarlistarkonur eru á ferðinni með þríæring sinn. Vera má að konurnar hafi fundir upp farsælasta formið um almenna listkynningu á Norðurlöndum, því að þetta er hagkvæm lausn til kynningar á list Norðurlanda innbyrðis en slíka kynningu vantar fullkomlega á sviði málara-, teikni- og höggmyndalistar. Hinar stóru sýningar Norræna myndlistarsambandsins voru t.d. of þunglamalegar og gistu að auki einungis hvert land fyrir sig á 10 ára fresti. Það gekk enda ekki. Fyrirtæki sem þetta eru afskaplega umfangsmikil og þurfa gífurlegan undirbúning ef vel á að takast auk þess sem kostnaðurinn fer upp úr öllu valdi, — þarf því góða aðsókn og tekjur til þess að halda því gangandi. Uppi eru jafnvel svartsýnisraddir um að þetta kunni að verða síðasti þríæringurinn og væri mjög miður ef rétt yrði.

Það skal viðurkennt, að þrátt fyrir að margt sé um góða hluti á sýningunni hefur hún valdið mörgum töluverðum heilabrotum. Menn fá einfaldlega ekki séð að öll verkin komi vefjarlist beint við, sum eru meir í ætt við samklippur, sýniljóð, skúlptúr, konsept- og málaralist og er ekki gott að átta sig á hvert stefnir í listgreininni. Máski vilja menn útvíkka hugtakið „Textíl", en það verður þá að gerast innan ákveðinna marka. Annars væri það t.d. jafn réttlætanlegt, að sýna málverk með grafískum eigindum á hinum stóru alþjóðlegu grafík-sýningum! Sá er hér ritar er einlægur aðdáandi svipmikillar vefjarlistar og þess sem er að gerast í þeirri listgrein en honum finnst einhvernveginn að það þurfi jafnaðarlega vef eða dúk til.

Af 590 innsendum verkum voru 82 valin til sýningar auk eins eftir hvern meðlim dómnefndar. Athygli vekur hve hlutur Íslendinga er lítill á almennu sýningunni en hér bætir nokkuð upp sér sýning á „mini-textíl". Svíar sendu inn langflestar myndir en minna en 10 prósent þeirra hlutu náð fyrir augum dómnefndar, hefur það vakið upp getgátur um að fúskið og meðalmennskan blómstri mest á þeim slóðum í augnablikinu. Annars var mér sagt, að löndunum væri skammtaður ákveðinn kvóti og krossbrá mér við þær upplýsingar. Samkvæmt líkum hugsunarhætti ættu t.d. Kínverjar að fá flest Nóbelsverðlaun, Indverjar kæmu næst o.s.frv. Íslendingar hefðu þá máski von árið 5000 ... Annar blettur á sýningunni er illa prentuð sýningarskrá, — hér þurfa myndir að vera í lit.



„Jafnrétti" úr Laugalækjarskóla.



Verk eftir Britta Marakatt.

Það er nauðsynlegt að þessi sýning hljóti töluverða aðsókn þessa síðustu daga hennar og ýmsir virðast hafa hér mikinn áhuga á málum því þeir komu skíðandi á vettvang í upphafi hennar og hef ég ekki orðið vitni að slíku áður. Fyrirtækinu óska ég velgengni og langlífis.

Sýningin „Við erum á leiðinni" hefur verið vel kynnt í fjölmiðlum og er því nákvæm kynning óþörf en rétt að minna á hana. Þótti mér annars merkilegt að sjónvarpið skyldi einungis gera sýningunni skil í barnatímanum en ekki í „Glugganum", því að sýningin á ekki síður erindi til fullorðinna en barna. Hún kynnir okkur einmitt viðhorf unglinga til lífsins í margbreytilegri mynd og er öllum hollt að lifa sig um stund inn í heim þeirra. Á þeirri sýningu er hlutfall þjóðanna svipað að mér virtist hvað myndafjölda snerti og komast Íslendingar prýðilega frá sínu, — eru í engu eftirbátar grannþjóðanna.

Og svo er að klæðast skjólflíkum og drífa sig á þessar ágætu sýningar.